

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (ÓBK, ÓGunn, NTF, BHar, ÞórE).

1. Í stað „10,40 kr.; 9,10 kr.; 12,80 kr.; og: 11,40 kr.“ í 1. gr. komi: 11,45 kr.; 10,00 kr.; 14,10 kr.; og: 12,55 kr.
2. 2. gr. orðist svo:  
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 1. gr. skal fjárhæð kolefnisgjalds vera 10,40 kr. á hvern lítra af gas- og dísilolíu, 9,10 kr. á hvern lítra af bensíni, 12,80 kr. á hvert kílógramm af brennsluolíu og 11,40 kr. á hvert kílógramm af jarðolíugasi og öðru loftkenndu kolvatns-efni til 1. janúar 2020.
3. Við 12. gr. bætist nýr staflíður, svohljóðandi: Við bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Náttúruhamfaratrygging Íslands skal greiða fastagjald sem nemur 1.200.000 kr.
4. Í stað „934 kr. í 21. gr. komi: 925 kr.
5. B-liður 26. gr. orðist svo: Við bætist nýtt tollskrárnúmer, svohljóðandi:  
2710.1940 — — — Brennsluolíur . . . . . 0,20 kr./kg
6. 27. gr. orðist svo:  
Við kaflann **Úr 8701** í viðauka XVI við lögin bætist nýr undirlíður, 8701.20, ásamt tveimur nýjum tollskrárnúmerum, svohljóðandi:  
— — Að heildarþyngd yfir 5 tonn:  
8701.2021 — — — Nýjar . . . . . 18.000 kr./stk.  
8701.2029 — — — Notaðar . . . . . 18.000 kr./stk.
7. Við bætist nýr kafli, XX. kafli, **Breyting á lögum skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum**, með einni grein sem orðist svo:  
Í stað orðanna „og 2017“ í ákvæði til bráðabirgða XV í lögnum kemur: 2017, 2018 og 2019.
8. 2. mgr. 29. gr. falli brott.